

23

23. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

HANDHAUFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðherra ákveður laun matsstjóra og matsmanna. Skulu laun þeirra greidd úr ríkissjóði. Síldarsaltandi skal greiða til síldarmats ríkisins tíma-kaup matsmanna fyrir þann tíma, sem þeir vinna við mat, eftirlit og annað í þágu síldarsaltanda. Til að standast kostnað við matið að öðru leyti, svo sem ferða-kostnað matsmanna o. fl., skal heimilt að taka af hverri útflutningsmetinni tunnu matsgjald, er nemi kr. 0.50. Gjald þetta skal innheimt af lögreglustjóra ásamt útflutningsgjaldi.

Síldarmatsmenn skulu starfa undir stjórn síldarmatsstjóra og bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Um kaup síldarmatsmanna, ferðakostnað, dagpeninga, vinnutíma o. fl. skal nánar ákveðið í erindisbréfi þeirra.

2. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi nýr málslíður, svo hljóðandi:

Um kostnað við frjálst mat á síld fer samkvæmt 3. gr.

3. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 64 9. nóv. 1953, um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1957.

Hermann Jónasson.

Emil Jónsson.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.